



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 25. mars 2022

2203028SA KB

Málalykill: 01.03

Efni: Viðmiðunarreglur um framlög til stjórn málaflokka

Með vísan til 5. gr. 2. mgr. laga nr. 162/2006 með síðari breytingum hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Sveitarfélag skal veita stjórn málasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið hið minnsta 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Gilda hér um ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006. Skal framlögum úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Miða skal við að greiða 189 kr. á hvern íbúa sem lögheimili á í sveitarfélaginu 1. janúar á ári hverju. Þessi fjárhæð tekur breytingum árlega miðað við vísitölu neysluverðs í október ár hvert og er grunnvísitalan 511,2 stig, m.v. október 2021.

Skilyrði úthlutunar framlaga er að viðkomandi stjórn málasamtök hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda, sbr. 8. og 9. gr. laga um laga um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar, en síðari helmingi að þeim loknum og þá í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar til sveitarstjórna eru viðhafðar.

Um er að ræða viðmiðunarreglur og er sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvort þau nýti sér þær.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri